

From: Tryggvi Þórhallsson [<mailto:tryggvi.thorhallsson@samband.is>]
Sent: 22. janúar 2015 13:07
To: Jón Gunnarsson; Selma Hafliðadóttir
Cc: Guðjón Bragason; Karl Björnsson
Subject: 1401063SA - Frv. til breytinga á jarðalögum - 74. mál 144. lþ.

Til atvinnuveganefndar Alþingis

Ofangreindu þingmáli hefur verið vísað til atvinnuveganefndar eftir 2. umræðu og fram kom í dagskrá þess nefndarfundar sem haldinn var fyrr í dag að nefndin væri að taka á móti gestum vegna málsins.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga mættu á fund atvinnuveganefndar þann 29. október sl. og fylgdu þar eftir umsögn dags. 21. október. Meginefni umsagnarinnar er gagnrýni á tillögu um breytta 6. gr. jarðalaga, en sambandið leggst eindregið gegn því að þær breytingar nái fram að ganga.

Gagnrýni sambandsins er studd ítarlegum rökum og fær að auki stuðning úr öðrum umsögnum, m.a. frá Bændasamtökum Íslands, sem segja æskilegt að ákvörðunarvald um lausn lands úr landbúnaðarnotum verði alfarið í höndum heimamanna. Bændasamtökin telja enn fremur „...mikilvægt að sjálfsstjórnarvald sveitarfélaganna til að ráða sínu eigin skipulagi hafi ekki of þröngar skorður. Það er óhjákvæmilegt að á hverjum stað verði tekið tillit til aðstæðna og þess vegna heppilegra að sveitarfélögin sjálf hafi óskorað vald til þess að marka sína eigin stefnu í þessum efnun.“

Það vekur furðu að þessara sjónarmiða og gagnrýni skuli í engu getið í nefndaráliti dags. 10. desember sl. Þar sem málið er aftur komið á dagskrá atvinnuveganefndar fer sambandið þess hér með eindregið á leit að fá tækifæri til þess að ræða það að nýju við nefndina. Óskað er eftir því að fulltrúar sambandsins verði boðaðir á fund nefndarinnar næst þegar það verður tekið til umfjöllunar.

Virðingarfyllt,
f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Tryggvi Þórhallsson
lögfræðingur
Beint innval: 515 4918
Netfang: tryggvi.thorhallsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is
